

Upplýsingar um val – Raungreinabraut, 2. bekkur – Vor 2019

Nú er komið að því að þú veljir þér valgreinar fyrir 3. bekk. Til að ljúka námi til stúdentsprófs þarftu að ljúka 25 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 10 að tilheyra einkennisgreinum raungreinabrautar**, þ.e. raungreinum, raungreinaensku, stærðfræði, forritun og tölvufræði.

Miðað er við að þú takir **10 einingar í vali á haustönn í 3. bekk og 10 einingar á vorönn**. Skoðaðu vel á hvaða þrepum áfangarnir eru sem þú velur. Hafðu í huga hvaða undirbúningskröfur eru gerðar í því námi sem þú stefnir á að loknu stúdentsprófi og veldu valáfanga í samræmi við það. Aðgangsviðmið háskólanna má finna á heimasíðu skólans undir **NÁMIÐ – VALGREINAR – Samantekt á aðgangsviðmiðum íslenskra háskóla**, með ábendingum um námsval í MA miðað við nýja námskrá http://www.ma.is/static/files/Namid/2017-2018/Adgangsviðmid_ny_namskra.pdf

Áfangalýsingar er að finna á heimasíðu skólans undir hlekknum **Valgreinar**, þar er bæklingur sem heitir **Valgreinabæklingur vor 2019** með stuttri lýsingu á hverjum áfanga. Athugið vel hver undanfari hvers áfanga er, þ.e. hvaða áföngum þið þurfið að hafa lokið til að geta skráð ykkur í tiltekna áfanga. Einnig þurfið þið að skoða hvaða áfangar falla undir sérgreinar brauta.

Mikilvægt er að þú kynnist þér vel **reglur um val** sem fram koma í valgreinabæklingi á bls. 4.

Brautastjórar og náms- og starfsráðgjafar veita nemendum ráðgjöf og leiðbeiningar um val á áföngum og skráningu þeirra í Innu.

Valkynning verður eftir hádegi fimmtudaginn 28. febrúar, klukkan 14.40-16.00 en þá sitja kennarar fyrir svörum um þá áfanga sem í boði eru.

Þú skráir valið þitt í Innu og í valgreinabæklingi, bls. 5-6, er að finna ítarlegar leiðbeiningar um hvernig sú skráning fer fram.

Athugaðu að aðeins er hægt að velja einn áfanga úr hverri blokk, því að áfangar í sömu blokk eru kenndir á sama tíma.

- SÍÐASTI DAGUR TIL AÐ SKRÁ VAL Í INNU ER MÁNUDAGUR 4. MARS -

Áfangar í boði fyrir 3. bekk raungreinabrautar skólaárið 2019-2020

Hautönn 2019

Nemendur velja einn áfanga úr hvorri blokk og einn til vara. Einnig er hægt að velja einn áfanga utan blokka og sleppa þá annarri hvorri blokkinni í staðinn. Skráning fer fram í Innu.

Blokk 1	Blokk 2	Utan blokka
ENSK3CR05 FATA2SS05* FÉLA2ÞF05 HEIM2TS05 HEIL2HL05 HÖTE2PH05* LAND2AL05 LÍFF3AN05 RVÍS2GR05 SAGA3VS05 SÁLF2JS03 SPÆN1BB05 STÆR3LA05 ÞÝSK2BE05	EFNA2GR05 ENSK3AV05 FERÐ2ÍS05 FÉLA2FJ05 FORR2FO05 HAGF2ÞJ05 HEIL2JJ05 NÆRI3GR05 SAGA2ÍÞ05 SÁLF2ÁH05 STJÖ2AS05 STÆR2RF05	ENSK3PL05 ÍSLE2YN05 JARÐ2ÚT05**

* Kennt í VMA

**Heilsársáfangi

Vorönn 2020

Nemendur velja einn áfanga úr hvorri blokk og einn til vara. Einnig er hægt að velja einn áfanga utan blokka og sleppa þá annarri hvorri blokkinni í staðinn. Skráning fer fram í Innu.

Blokk 1	Blokk 3	Utan blokka
EFNA3LR05 ENSK3DF05 FERÐ3EV05 FÉLA2LM05 HEIL2BL05 HÖNN3VS05* ÍSLE2KM05 KFRT2KF05 MENN2GG05 RAUN3UI05 SAGA3FB05 SÁLF2HÍ05 SJÓN1TF05* SPÆN1AA05 STÆR3TF05 STÆR3ÞR05	EÐLI3FH05 EFNA3LY05 ENSK3PW05 LÍFF3PS05 STÆR4CA05	ENSK3PL05 HEIM3YN05 ÍSLE2YN05 MENN2YN05

* Kennt í VMA